



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 08.12.2011  
Tilvísun vor: 98.11

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 140/761**  
**komudagur 9.12.2011**

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd, með síðari breytingum, 63. mál**

Að beiðni nefndasviðs Alþingis hefur Landsvirkjun fjallað um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 44/1999, um náttúruvernd, með síðari breytingum, þingskjal 63. mál, sem lagt hefur verið fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011 – 2012.

Tilgangur frumvarpsins er að herða viðurlög skv. 76. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd við stórfelldum spjöllum á náttúru landsins einkum aksturs utan vega. Lagt er til að það verði gert annars vegar með ákvæðum um lágmarkssekt að upphæð kr. 250.000 eða fangelsi allt að fjórum árum. Hins vegar er mælt fyrir um að gera megi upptæk með dómi vélknúin ökutæki sem notuð hafi verið við brot gegn ákvæðum laganna, eða upphæð sem svari til andvirðis þeirra í heild eða að hluta. Landsvirkjun er sammála því að ástæða sé til að setja viðurlög við stórfelldum spjöllum á náttúru landsins en tekur ekki afstöðu til framangreindra tillagna um refsíákvæði.

Landsvirkjun styður þær áhyggjur sem fram koma í umsögn Samorku um nokkuð óljósri stöðu nauðsynlegra forrannsókna í þessu sambandi. Í 17. gr. laganna, um akstur utan vega, segir m.a.: „*Ráðherra kveður, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, í reglugerð á um aðrar undanþágur frá banni skv. 1. málsl. 1. mgr., m.a. vegna starfa manna við landbúnað, landmælingar, línu- og vegalagnir og rannsóknir.*“

Undanþága varðandi línulagnir og lagnir annarra veitukerfa eru nokkuð skýrt í 5. gr. reglugerðar nr. 528/2005, um takmarkanir á umferð í náttúru Íslands, hafi viðkomandi framkvæmdir fengið leyfi stjórnvalda samkvæmt lögum. Öðru máli gegnir um rannsóknir, í reglugerðinni eru þær skilgreindar þannig: „*Lögbundnar rannsóknir og aðrar rannsóknir sem eru í samræmi við leyfi stjórnvalda samkvæmt lögum.*“ Þetta ákvæði þarf að lagfæra til að tryggja að Umhverfisstofnun geti veitt heimildir vegna almennra rannsókna, svo sem kortlagningar á landi, jarðfræði, vatnafari og gróðri, vatnamælinga og jarðeðlisfræðilegra mælinga sem þarf m.a. vegna forathugana á virkjunarhugmyndum. Að sjálfsögðu þurfa þeir sem að slíkum rannsóknum koma að takmarka akstur utan vega og gæta sérstakrar varkárni til að forðast að valda spjöllum á náttúru. Með ökutækjum sem henta til aksturs utan vega, góðu skipulagi og því að vinna að rannsóknum á árstíma þegar áhrif eru minnst má draga verulega úr hættu á spjöllum en engan veginn er þó hægt að útiloka að einhver spor séu skilin eftir. Nánar er fjallað um þetta atriði í umsögn Samorku um frumvarpið dags. 25. nóvember sl. Landsvirkjun tekur undir þá umsögn.



Landsvirkjun vekur jafnframt athygli á að ef frumvarpið nær fram að ganga þyrfti að skýra betur hvað átt er við með „stórfelld spjöll á náttúru landsins“ annað hvort með breytingu á frumvarpinu eða í reglugerð. Þá telur fyrirtækið æskilegt að skilgreina betur hvað átt er við með „akstur utan vega“. Í reglugerð nr. 528/2005 segir: „*Vegur: Varanlegur vegur, gata, götuslóði, stígur, húsasund, brú, torg, bifreiðastæði eða þess háttar, sem notað er að staðaldri til umferðar.*“

Virðingarfyllst

Hörður Arnarson  
forstjóri